

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag, Ingjaldssandur, Ísafjarðarbæ.

Á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 20. febrúar 2014 var samþykkt deiliskipulag í landi Álfadals og Hrauns á Ingjaldssandi, Ísafjarðarbæ.

Skipulagssvæðin eru fjögur og eru í landi Álfadals og Hrauns, svæðin eru staðsett á Ingjaldssandi í Ísafjarðarbæ.

Í landi Hrauns er skipulagssvæðið 36 ha að stærð og skiptist í tvö frístundasvæði (F29 og F30), þar er heimilt að byggja fjögur frístundahús á hvoru svæði. Samanlagt byggingarmagn á lóð má vera að hámarki 150 m<sup>2</sup>, hámarksstærð gestahúss eða geymslu er 35 m<sup>2</sup>.

Í landi Álfadals eru tvö frístundasvæði (F31 og F32). Skipulagssvæði F31 er 4,5 ha að stærð og svæði F32 er 5,5 ha að stærð. Á hvoru svæði má byggja fjögur frístundahús. Samanlagt byggingarmagn á lóð má vera að hámarki 150 m<sup>2</sup>, hámarksstærð gestahúss eða geymslu er 35 m<sup>2</sup>.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Ísafirði, 26. mars 2014.*

**Jóhann B. Helgason,**  
sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs.

---

B-deild – Útgáfud.: 9. apríl 2014